

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2022

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013, 15. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar, dags. 14. desember sl., vegna ofangreinds þingsmáls á þingskjali 15. Í frumvarpinu er lagt til að bannað verði að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu. Málið var einnig flutt á síðasta þingi (543. mál) og vísar FA til fyrri umsagnar sinnar um það, dags. 30. marz 2021.

### I. Umgjörð blóðtöku úr hryssum

Eins og fram kom í þeirri umsögn á sú starfsemi, sem flutningsmenn vísa til og vilja banna, sér meira en 40 ára sögu á Íslandi. Lyfjaheildverzlunin G. Ólafsson hóf útflutning á blóðplasma úr fylfullum hryssum fyrir 1980. Árið 2000 var líftækniyrirtækið Ísteka ehf. stofnað og vinnur það virka lyfjaefnið eCG úr hryssublóðinu, sem nánast allt er flutt út á alþjóðlegan markað. Úr efninu eru unnin frjósemislyf, sem notuð eru um allan heim í landbúnaði til meðferðar frjósemisvandamála í húsdýrum og samstillingar gangmála. Efnið nýtist einnig í ræktunar- og verndarstarfi vegna annarra dýrategunda, til að mynda dýra á valista eða í útrýmingarhættu.

Ísteka er eini vinnsluaðili og útflytjandi slíkra lyfjaefna hér á landi. Starfsemin veltir um tveimur milljörðum króna og eru tæplega 120 bæir, með yfir 5.000 hryssur, í samstarfi við fyrirtækið. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, helmingurinn með háskólapróf. Hér er um að ræða mikilvæga nýsköpunarstarfsemi í landbúnaði, sem býr til verðmæti fyrir bændur og leiðir til útflutnings á afurðum líftækniiðnaðar.

Strangari rammi eftirlits er um blóðmerahald og blóðtöku úr hryssum en um flesta aðra hagnýtingu dýra í landbúnaði, líkt og FA rakti í fyrri umsögn sinni. Ísteka starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun, sem gefið er út í samræmi við evrópska staðla. Verksmiðja fyrirtækisins er tekin út og samþykkt af Lyfjastofnun Bandaríkjanna. Þá uppfyllir fyrirtækið alþjóðlega GMP-staðalinn, sem viðurkenndur er í lyfjaframleiðslu, og afurðir og framleiðsluferlar eru samþykktir af þar til bærum alþjóðlegum aðilum.

Fyrirtækið er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og starfsemin undir eftirliti Matvælastofnunar (MAST). Áralangar, endurteknar rannsóknir hafa sýnt að blóðgjafirnar stefni ekki heilsu hryssanna í voða og afföll hjá skepnunum eru með því minnsta sem gerist í búskap. Einstakt í starfsemi Ísteka er að gerðir eru dýravelferðarsamningar við alla bændur sem eru í samstarfi við fyrirtækið. Þar eru ströng ákvæði um aðbúnað og meðferð dýranna og aðstöðu til blóðtöku, víðtækar heimildir til eftirlits hjá samstarfsbændum og bann við fóstureyðingum hjá blóðgjafahryssum. Þá eru skýr ákvæði um að blóðgjöf sé ekki heimil á býlum þar sem frávik í dýravelferð hafa komið upp að mati Matvælastofnunar. Þetta eru mun strangari skilyrði en aðrir kaupendur dýraafurða setja.

### II. Viðbrögð við brotum á dýravelferð

Í greinargerð endurflutts frumvarps er vísað til heimildarmyndarinnar „Ísland – land 5.000 blóðmera“ sem frumsýnd var í nóvember síðastliðnum, en myndin var gerð af dýraverndarsamtökunum AWF/TSB (Animal Welfare Foundation/Tierschutzbund Zürich). Myndskeið af blóðtöku á tveimur bæjum sýndu vinnubrögð er voru ótvírætt brot á kröfum Ísteka og ákvæðum ofangreindra samninga. Við þeim brotum hefur fyrirtækið brugðizt, annars vegar með því að segja upp samningum við hrossabýlin sem í hlut eiga og hins vegar með því

að kynna ýtarlega umbótaáætlun, sem felur m.a. í sér aukna fræðslu til hrossabænda, bætt eftirlit með framkvæmd allra blóðgjafa, og að hryssur verði sérvaldar með tilliti til skapgerðar.

MAST hefur ennfremur tekið málið til rannsóknar. Stofnunin hefur á undanförnum árum heimsótt árlega 40% allra starfsstöðva á vegum Ísteka. Komi í ljós frávik frá reglum um aðbúnað og velferð dýra er þeim fylgt eftir með eftirfylgniheimsóknum, en starfsemin stöðvuð ef frávik eru alvarleg. MAST hefur upplýst að frá árinu 2014 hafi starfsemi á fimm starfsstöðvum verið stöðvuð.

Þá hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipað starfshóp til að fjalla um blóðtöku úr fylfullum hryssum. Er hópnum ætlað að skoða starfsemina, regluverk og eftirlit í kringum hana. Starfshópurinn á að skila ráðherra tillögum fyrir 1. júní næstkomandi. Tillögurnar munu síðan fara í opið samráð í samráðsgátt stjórnvalda.

Í greinargerð hins endurframlagða frumvarps eru settar fram órökstuddar alhæfingar um að við blóðtöku sæti „fylfullar merar mismiklu og misgrófu ofbeldi við blóðtöku.“ Þá eru tilfærð rök höfunda áðurnefndrar heimildarmyndar um að „ætla megi að slíkt harðræði tíðkist almennt við blóðtökuna hér á landi.“ Af fyrirbyggjandi staðreyndum og gögnum málsins er ljóst að hér er alltof langt gengið í fullyrðingum og ályktunum.

### III. Mikilvægi meðalhófs

Félag atvinnurekenda ítrekar þá afstöðu sína að mikilvægt er að hugað sé vel að dýravelferð í öllum landbúnaði. Hagnýting afurða lifandi dýra er vel samræmanleg dýravelferð ef rétt er á haldið. Skýrar reglur og skilvirkt eftirlit eru að sjálfsögðu lykilatriði í slíkri starfsemi. Það væri hins vegar jafnfráleitt að ætla að banna blóðmerahald eins og það leggur sig vegna þeirra tveggja tilvika, sem sýnd eru í áðurnefndri heimildarmynd, og að ætla að banna kúa- eða sauðfjárbúskap, eggjabúskap eða svínarækt, vegna afmarkaðra tilvika á einstökum bæjum, þar sem farið er illa með skepnur. Eftirlit kemur ekki í veg fyrir slík tilvik, en hindrar hins vegar að þau séu látin óátalin eða endurtaki sig án afleiðinga.

Það er því óbreytt mat FA að næði frumvarpið fram að ganga væri verið að ganga af mikilvægri búgrein dauðri og hindra arðbæra útflutningsstarfsemi, sem skilar verulegum verðmætum til þjóðarbúsins. Slík framgangsla löggjafans væri langt utan marka alls meðalhófs, enda atvinnuréttindi manna stjórnarskrárvarin. Fráleitt væri að Alþingi samþykkti frumvarpið áður en fyrir liggur hvaða tillögur áðurnefndur starfshópur ráðherra kann að gera um breytingar á regluverki um og eftirliti með blóðtöku úr hryssum. FA leggst því eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA